

# *Leikskólinn Sólgarður*

---

## *Skólanámskrá*

---

## Efnisyfirlit

Leikskólinn Sólgarður .....	4
1. Skólanámskrá .....	5
1.1 Inngangur .....	5
1.2 Lög um leikskóla .....	5
1.3 Reglugerð um starfsemi leikskóla .....	6
1.4 Aðalnámskrá leikskóla .....	6
2. Námskrá Sólgarðs .....	7
2.1. HighScope stefnan .....	7
2.2. Virkt nám .....	7
2.3. Efniviður .....	8
2.4. Meðhöndlun á efnivið .....	8
2.5. Val .....	9
2.6. Orð og hugsanir barna .....	9
2.7. Stuðningur kennara .....	11
3. Daglegt líf á Sólgarði .....	12
3.1. Dagskipulag .....	12
3.2. Námsumhverfið .....	12
3.3. Leikskólinn opnar .....	13
3.4. Að koma og fara .....	13
3.5. Borðhald .....	14
3.6. Leikstund .....	15
3.7. Hlutverk kennarans í leikstund .....	16
3.8. Að taka saman .....	17
3.9. Hópastarf .....	18
3.10. Hvíld .....	18
3.11. Fataklefinn .....	19
3.12. Samverustundir .....	19
3.13. Útivera .....	20
3.15. Hreinlæti .....	20
3.16. Afmæli .....	20
4. Lykilreynsluþættir HighScope stefnunnar .....	21
4.1. Lykilreynsluþættir HighScope stefnunnar .....	22
5. Grunnþættir menntunar .....	23
6. Námsvið leikskóla .....	23
6.1 Læsi .....	23
6.2 Sjálfbærni .....	24
6.3 Heilbrigði og velferð .....	24
6.4 Lýðræði og mannréttindi .....	25
6.5 Jafnrétti .....	26
6.6 Sköpun .....	26
7. Leikurinn .....	27
8. Nám án aðgreiningar .....	27
9. Aðlögun .....	28
10. Foreldrasamstarf .....	28

10.1. Foreldrafélög, foreldraráð .....	28
10.2. Foreldrafundir .....	28
10.3. Foreldraviðtöl .....	28
10.4. Fréttir af starfinu .....	29
11. Fatnaður barnanna .....	29
12. Leikföng .....	30
13. Veikindi og fjarvistir .....	30
14. Vistunartími.....	31
15. Fundir og starfsdagar.....	32
15.1. Samráðsfundir leikskólastjóra leikskóla stúdenta .....	32
15.2. Samráðsfundir með sérfræðingum frá Vesturgarði.....	32
15.3. Starfs-og námskeiðsdagar .....	32
16. Hefðir.....	33
16.1. Aðventukaffi .....	33
16.3. Þorrablót.....	33
16.4. Bolludagur, sprengidagur, öskudagur .....	33
16.5. Sumarhátíð .....	33
17. Ársskýrsla.....	34
Viðauki .....	35

## Leikskólinn Sólgarður

Leikskólinn Sólgarður er staðsettur á Eggertsgötu 8. Skólinn var stofnaður 1. ágúst 1995 og hefur Félagsstofnun stúdenta rekið hann frá upphafi með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Á Sólgarði dvelja 51 barn samtímis í 8 tíma vistun. Leikskólinn er opinn frá kl 7:45-16:15.

Leikskólinn er 620 fm að stærð og þar af er leikrými 333 fm.

Deildarnar eru þrjár; Álfaland, Putaland og Undraland.

Stöðugildi eru 17,5 og starfa að jafnaði 18 manns í leikskólanum Sólgarði.

Leikskólastjóri Sólgarðs er Sigríður Stephenson, aðstoðarleikskólustjóri Sólgarðs er ÁstaRós Snævarsdóttir og þróunarstjóri HighScope er Íris Dögg Jóhannesdóttir.

**Leikskólustjóri** er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans.

**Aðstoðarleikskólustjóri** er staðgengill leikskólustjóra að honum fjarverandi og er honum til aðstoðar um tilhögun innan leikskólans.

**Deildarstjórar og leikskólakennarar** bera ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum í leikskólanum. Vinna að uppeldi og menntun barnanna, auk þess að vinna að velferð þeirra og hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái noti sín sem einstaklingar.

**Þróunarstjóri** ber ábyrgð á faglegu starfi, þjálfun, símenntun og endurmenntun starfsmanna.

**Leiðbeinendur** vinna undir handleiðslu deildarstjóra að uppeldisstarfinu, bera ábyrgð á sínum barnahóp og foreldrasamstarfi við þá.

**Matráður** sér um matseld, innkaup og þvotta.

**Ræstitæknar** sjá um þrif.

### Trúnaður – tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þótt látið sé af starfi. Starfsfólk notar myndavél, hljóðupptökutæki og myndbandsupptökuvél við vinnu sína með börnunum.

Ef starfsfólk leikskólans telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það Barnavernd sbr. 17 gr. laga um barnavernd.

## 1. Skólanámskrá

### 1.1 Inngangur

Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla, 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008 og byggist hún á markmiðum 2. gr laga um leikskóla.

Í Aðalnámskrá leikskóla er kveðið á um að í hverjum skóla skuli koma út skólanámskrá sem endurskoðuð er reglulega. Fram að útgáfu Aðalnámskrá leikskóla var í gildi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993, sem var endurskoðuð útgáfa Uppeldisáætlunar fyrir dagvistarheimili frá 1985. Skólanámskrá er ætlað að kynna starf leikskólans og þá hugmyndafræði sem unnið er eftir þannig að þeir sem hana lesi geti sem best gert sér grein fyrir því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Skólanámskrá er ætlað að gefa þeim er hana les mynd af því starfi sem unnið er í leikskólanum. Leikskólinn tekur mið af þeim börnum og því starfsfólki sem er í skólanum hverju sinni. Skólanámskrá er ekki bara upplýsingarit fyrir foreldra heldur er hún grundvöllur að starfsmannahandbók leikskólans, sem er leiðarvísir fyrir starfsfólk leikskólans. Námskráin er í stöðugri endurskoðun og þróun og með henni helst vakandi umræða um leiðir okkar í skólastarfinu.

### 1.2 Lög um leikskóla

Með lögum sem sett voru árið 1994 var leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið hér á landi. Leikskólinn er hluti af skólakerfinu, en er um margt ólíkur öðrum skólastigum.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að virkja og virða leikgleði barna og er gengið út frá því að það að leika sér sé lærdómsríkt. Leikskólinn á að halda í þessi sérkenni, þau eru aðalsmerki hans. Hins vegar er brýnt að samfella sé á milli leik- og grunnskóla og að námskrár skólastiganna endurspegli það.

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim, og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út.

#### **Samkvæmt meginmarkmiðum laga á leikskólinn:**

- ✓ Að veita barninu umönnun, búa því hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- ✓ Að gefa barninu kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.
- ✓ Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska hvers barns, í samræmi við eðli og þarfir þess, og eins að leitast við að hlúa að því andlega og líkamlega, svo að það fái notið bernsku sinnar.

- ✓ Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnsins og jafna uppeldisaðstöðu þess í hvívetna. Að efla siðgæði barnsins og leggja grundvöll að því að það verði sjálfstæður, hugsandi, virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.
- ✓ Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barnsins í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þess, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.
- ✓ Samanber lög um leikskóla nr. 78/1994

#### Í lögum um leikskóla kemur einnig fram:

- ✓ Að leikskólinn er val foreldra fyrir börn sín.
- ✓ Að sveitafélög skuli reka leikskóla óski foreldrar þess og bjóða börnum a.m.k. fjögurra stunda dvöl.
- ✓ Að leikskóli er fyrir börn á leikskólaaldri, þau sem þess þurfa njóta sérkennslu og aðstoðar til að geta notið leikskóladvalar sinnar.
- ✓ Að leikskólar skuli vera þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum.
- ✓ Að í leikskólum skuli starfa sérfræðingar í leikskólauppeldi, þ.e. leikskólakennarar.

### 1.3 Reglugerð um starfsemi leikskóla

#### Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða er varða:

- ✓ Húsnæði, búnað og útileiksvæði
- ✓ Starfslíð og barnafjölda
- ✓ Samstarf leikskóla og foreldra
- ✓ Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sérkennslu
- ✓ Gæðaeftirlit og gæðamat
- ✓ Samanber reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

### 1.4 Aðalnámskrá leikskóla

Starf leikskólans tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 2011 en þar er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Hugmyndafræði leikskólastarfs er sú að í leikskóla fari fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Hver og einn leikskóli býr yfir þögulli þekkingu, menningu sem er hluti af því starfi sem þar fer fram. Hlutverk námskrár er að leitast við að skila því til þeirra sem að koma og gera starfið sýnilegra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólinn er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Þar sem við trúum að barnið læri mest með því að fylgja sínum áhugamálum og markmiðum er það hvatt til að velja sjálft efni og verkefni í gegnum daginn.

Lög um leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla er að finna á netinu: <http://www.menntamalaraduneyti.is>. Við höfum valið okkur að starfa eftir HighScope stefnunni og höfum námskrá hennar að leiðarljósi.

## 2. Námskrá Sólgarðs

### 2.1. HighScope stefnan

Hornsteinn HighScope er trúin á að virkt nám sé undirstaðan fyrir manneskjuna til að ná fullum þroska og getu og að virkt nám sé árangursríkast í umhverfi þar sem börnin fá verkefni sem hæfa aldri og þroska þeirra. Nám er félagsleg reynsla þar sem börn eiga í miklum samskiptum í leik og starfi. Börn læra hlutina á ólíkan hátt, hafa ólík áhugamál og hlutirnir liggja misvel fyrir þeim en þau eru líkleg til að ná bestum þroska þegar þau eiga í samskiptum við aðra, bæði jafningja og fullorðna.

Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti, þau spyrja og leita svara við spurningum um fólk, efni, hugmyndir og hluti sem þau hafa áhuga á og vekja forvitni þeirra, þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim.

Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær. Börnin öðlast traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.

Virkir nemendur eru einbeittir og áhugasamir um eigin gjörðir og hugsanir. Þeir finna sér margt til dundurs og tala oft um það sem þeir ætla að gera. Börn í virku námsumhverfi taka ákvarðanir byggðar á eigin áhuga og eigin spurningum og þau fá tíma til að fylgja eigin áætlunum eftir. Þau eru í samskiptum við fólk sem þau deila hugmyndum sínum, athugunum og áætlunum með og fá þau viðeigandi stuðning og hvatningu frá kennara verða þau sífellt virkari í eigin námi.

### 2.2. Virkt nám

Til að virkt nám eigi sér stað þurfa allir eftirfarandi þættir alltaf að vera til staðar:

- ✓ Efniviður
- ✓ Meðhöndlun á efnivið
- ✓ Val
- ✓ Orð og hugsanir barna
- ✓ Stuðningur kennara

### 2.3. Efniviður

Virkt nám veltur á notkun hluta, áhalda, leikfanga, tækja og tóla. Virkt nám hefst þegar ung börn meðhöndla hluti og nota líkama sinn og öll skynfæri til þess að kanna þá. Með þessari áþreifanlegu reynslu byrja börn að skilja ólík hugtök.

Drifkrafturinn kemur frá barninu, það vill læra og áhugi þess, spurningar og vilji leiðir það til að kanna, rannsaka og prófa. Þannig öðlast það nýja þekkingu og reynslu.

Virkir nemendur eru könnuðir sem setja fram tilgátur og prófa þær með því að velja sér efnivið og nota hann á þann hátt sem þeim finnst skynsamlegt. Efniviðurinn þarf því að vera fjölbreyttur og höfða til allra skynfæranna. Hann þarf jafnframt að vera aðgengilegur, börnin þurfa að geta valið hann sjálf, nálgast hann sjálf, kannað hann og skilað honum sjálf.

Sem könnuðir finna börnin líka einstakar lausnir og ná góðum árangri. Þrátt fyrir að uppfinningar barnanna séu oft „subbulegar“, ótraustar eða óskiljanlegar fullorðnu fólkinu þá eru þær leiðir barnsins til að skilja hlutina. Ferlið frá því að þau fá hugmyndina og þar til þau eru búin að framkvæma hana er mjög lærdómsríkt. Þá er afar mikilvægt að skilja að „mistökin“ sem barnið gerir eru jafn mikilvæg og árangurinn. Með þeim öðlast þau nýjar upplýsingar um upprunalegu tilgátuna og finna aðrar leiðir til að framkvæma hana.

Virkt nám er því stöðugt ferli sem er sífellt í þróun og börnin nota mismunandi aðferðir, efni og leiðir til að öðlast nýja reynslu.

### 2.4. Meðhöndlun á efnivið

Í virku námsumhverfi er börnunum frjálst að fylgja eigin áhuga. Kennarar sjá börnunum fyrir viðeigandi efnivið sem ýtir undir þroska og áhuga þeirra og styður þau í að fylgja áhuga sínum. Bein reynsla af hlutum, fólki, hugmyndum og atburðum eru nauðsynleg skilyrði fyrir vitsmunalega uppbyggingu og þar af leiðandi þroska.

Ung börn læra hugtök, móta sínar eigin hugmyndir og skapa sín eigin tákni með sjálfsprottum leik og aðgerðum – hreyfingu, hlustun, tilfinningum og meðhöndlun á efniviðnum.

Í HighScope kennslustofum hafa börnin greiðan aðgang að efniviðnum og eru virkir nemendur sem byggja upp sína eigin þekkingu þegar þau framkvæma hugmyndir sínar, vinna með ólík viðfangsefni á sínum persónulegu forsendum og ræða um það sem þau gerðu.

Börn á skynhreyfistiginu kanna efniviðinn með höndunum, augunum, eyrunum og í langflestum tilfellum með munninum. Þau nota sem sagt öll skynfærin til að kanna heiminn og því þarf að útvega þeim efnivið sem örvar öll skynfærin.



Efniviðurinn fer á milli svæða í leikstofunni og á þessum aldri er fátt skemmtilegra en að sturta úr kössum, sópa úr hillum, fylla og tæma. Það er skemmtunin í leiknum, svo kemur ánægjan af því að leika með efniviðinn.

## 2.5. Val

Eitt af gæðamerkjum virkrar námsstefnu eru þau tækifæri sem gefast til að bjóða börnunum upp á val. Ung börn eru áköf, hugmyndarík og uppátækjarsöm og geta valið sér sjálf þann efnivið sem þau vilja og notað hann á þann hátt sem þau kjósa. Þetta frelsi sem börnin fá til að velja hvað þau gera við efniviðinn, hvar þau nota hann og með hverjum er afar mikilvægt fyrir virkt nám. Með valinu gefst börnunum kostur á að finna sitt áhugasvið og hvar styrkleikar þeirra liggja.

Kennarar í virku námsumhverfi skilja hversu áriðandi það er fyrir nám barna að hafa val í öllum daglegum aðstæðum því það gerir börnin virkari þátttakendur í eigin námi og þau verða víðsýnni, sjálfstæðari og öðlast meira frumkvæði.

Ung börn hafa ekkert val um að vera á leikskóla. Til að þau verði virkir þátttakendur í eigin námi og hafi eitthvað um daginn sinn að segja er mikilvægt að hver hluti dagsins bjóði upp á tækifæri fyrir val og ákvarðanir sem þau geta tekið. Þau geta valið hvar og hvenær þau eiga í samskiptum við foreldra og kennara í byrjun og lok dags, hvert þau ætla að fara, hvernig þau hreyfa sig, hvað og hvernig þau kanna efniviðinn í valinu og útiverunni, hversu mikið og hvað þau borða, hverju þau halda á, hvað þau skoða á meðan á bleyjuskiptum stendur, hvort þau vilji fara á klósettið eða koppinn, hvort, hvernig og hversu lengi þau vilja taka þátt í ákveðnum athöfnum, hvaða barni þau vilja sitja hjá í samverustundum, hvaða hlut (sem veitir þeim huggun eða róar þau) þau vilja taka með í hvíldina. Að hafa þetta val og fá þetta tækifæri til að láta það í ljós í hinum ýmsu þáttum dagsskipulagsins og einnig að geta skipt um skoðun veitir börnunum þá tilfinningu að þau hafi stjórn á hlutunum.

## 2.6. Orð og hugsanir barna

Íhugun barna um gjörðir þeirra er grundvallarþáttur í námsferli barna. Hver hluti dagsins er fullur af tækifærum fyrir samskipti og tungumál barnsins. Börn eiga oft lítil samskipti þegar þau eru mjög upptekin við eitthvað. Á öðrum tímum hafa þau frá mörgu að segja.

Að hlusta eftir og viðurkenna hugsunarhátt hvers barns styrkir hugsun þess og eflir rökhugsun. Í gegnum efnivið, fólk og atburði byggir barnið upp hugmyndir um raunveruleikann og kennarar fylgjast með og eiga í samskiptum við börnin til að komast að því hvernig þau hugsa og rökræða. Í samtölum sínum við börnin ræða kennarar við þau um það sem þau eru að gera og hugsa og einblína á athafnir barnanna. Þeir koma með

athugasemdir sem innihalda endurtekningu, auka eða byggja á því sem börnin segja og hvetja þau þannig til að hugsa um ferlið sem átti sér stað. Þannig reynir kennarinn að komast að því hvernig hvert barn hugsar, hver eru áhugamál þess og styrkleikar því þannig getur hann boðið barninu viðeigandi verkefni og stutt það. Það er mikilvægt í samskiptum við yngstu börnin að nota lýsandi tungumál, lýsa því sem barnið er að gera, er búið að gera, er að reyna að gera o.s.frv. Setningar kennara byrja oft á „Þú ert að.../Þú er búin(n) að.../Ég heyri.../Ég sé að.../Þú vilt.../Þig langar...“.

Kennarar gera sér grein fyrir að það verður að samþykkja svör og útskýringar barnanna, líka þegar þær eru „rangar“. Með því hvetja kennarar börnin til að prófa og reyna hugmyndir sínar.

Með því að vera þátttakandi en ekki stjórnandi í samskiptunum fær kennarinn betri innsýn í hugsun og rökhugsun barnanna. Oftar en ekki eru merki/vísbendingar frá börnunum ekki munnleg heldur athafnir, merki og svipbrigði.

Kennarar í virku námsumhverfi eru í miklum samskiptum við börnin og þar er mikilvægt að samskiptin séu í „gefa-þiggja“ stíl. Það þýðir að kennarinn hvetur börnin til að gefa tóninn fyrir samskiptin og kennarinn fylgir barninu. Þannig deila kennarar og börn stjórninni og skiptast á að tala og hlusta og eru þannig fyrirmyndir barnanna í félagslegum samskiptum.

Áður en þau byrja að tala halda börn uppi „samræðum“ með hljóðum, bendingum og athöfnum. Kennararnir túlka svo athafnir barnanna og koma þeim í orð. Þótt þau samtöl virðist stutt og óáhugaverð eru þau dæmi um hvernig kennarar virða samskiptastíl og hraða barnanna. Þeir reyna ekki að koma sínum hugmyndum eða skoðunum á framfæri eða lengja samtalið með að spyrja spurninga eða setja fram staðhæfingar (t.d. finnst þér gaman að leika með málninguna eða er gaman?).

Ung börn þurfa tíma til að finna orð sem passa við athafnir þeirra. Spurningar pressa oft á börnin að svara því sem þau hafa ekki hugmynd um eða jafnvel truflar þau við það sem þau eru að gera eða hugsa. Stundum, þegar kennarar spyrja börn spurninga, hunsar börnin spurningarnar eða fara jafnvel annað (kannski til að losna undan spurningaflóðinu). Athugasemdir kennara, athuganir og viðurkenningar halda samskiptunum gangandi á meðan spurningar hindra þetta flæði í samtalinu og kennarinn virðist vera með alla stjórnina.

Kennarar í virku námsumhverfi gera sér grein fyrir að það verður að samþykkja svör og útskýringar barnanna, líka þegar þær eru „rangar“. Með því hvetja kennarar börnin til að prófa og reyna hugmyndir sínar.

## 2.7. Stuðningur kennara

Að vera hluti af deild þar sem virkt nám og jákvæður stuðningur kennara er til staðar hjálpar börnunum að þroska með sér frumkvæði. Þar er lagður grunnur að félagsþroska barnanna sem mun svo hafa áhrif á frekara nám þeirra og ákvarðanir á lífsleiðinni. Veita þarf börnum gott, jákvætt umhverfi og í HighScope er barnið stutt í leik og starfi.

Í daglegu starfi nota kennarar jákvæðar leiðir til að grípa inn í. Þeir einblína á styrk barnanna, eru jafningjar þeirra, styðja við leikinn og innleiða leiðir til að leysa úr félagslegum vandamálum.

Í HighScope er lögð áhersla á að hvetja börn til að sýna frumkvæði og styrkja þau á jákvæðan hátt. Börnin eru gerðir virkir þátttakendur í námi sínu með því að fá að taka sjálf ákvarðanir um hvað þau vilja gera og hvaða viðfangsefni heillar mest í hvert skipti. Að velja, leika og rifja upp gerir þeim kleift að þróa og framkvæma eigin hugmyndir. Auk þess ýtir það undir sjálfstæði og frumkvæði.

Allan daginn eru börnin að efla áhuga sinn, leita leiða til að svara eigin spurningum og hugmyndum. Kennarar í virku námsumhverfi hvetja börnin til að leysa þau vandamál sem kom upp því þannig fá þau fleiri námstækifæri en ef hlutirnir eru gerðir fyrir þau.

### 3. Daglegt líf á Sólgarði

#### 3.1. Dagskipulag

Dagskipulagið er okkar stundarskrá og innan hennar raðast öll þau verkefni sem leikskólinn hefur einsett sér að vinna og leysa úr með nemendum sínum. Skipulagning og tímasetning daglegra venja gefur starfinu reglubundið og ákveðið form sem skapar öryggi og festu og er unnið með hliðsjón af aldri barnanna og samsetningu barnahópsins.

Dagskipulagið er eins alla daga því þannig öðlast börnin öryggi, sjálfstraust og frumkvæði. Það að vita hvað gerist þegar ég mæti í leikskólann getur auðveldað mér að kveðja mömmu og pabba. Börnin læra að treysta á dagskipulagið og vita í hvaða röð hlutirnir gerast.

Þegar þeim er gefinn tími til að veita og meta þá valkosti sem þau hafa, framkvæma það sem þau völdu og ljúka við það, eiga samskipti við aðra og fá tækifæri til að leysa sjálf úr vandamálum eflist sjálfstæði þeirra og frumkvæði.

Dagskipulagið verður jafnframt að vera einstaklingsmiðað, taka mið af þörfum hvers og eins, það þarf að styðja virkt nám og frjálsan leik og gefa öllum sem að koma; börnum, kennurum og foreldrum tilfinningu fyrir því hvað kemur næst.

Að leyfa börnunum að hafa eitthvað val í þeim þætti dagskipulagsins er önnur leið („Hvað viltu hafa með þér í hvíldina í dag?“). Kennarar nefna líka alltaf það sem gerist næst („Nú erum við að fara í hvíld“).

Á hverri deild er myndrænt dagskipulag á stað sem börnin geta vel séð það, fylgt því og rætt um það sem er búið og það sem kemur næst. Það eru annað hvort myndir af börnunum í daglegu starfi eða tákn sem standa fyrir hvern þátt í dagskipulaginu.

#### 3.2. Námsumhverfið

Umhverfi hefur mikil áhrif á hegðun barna og því er lögð áhersla á að skipuleggja það vel. Deildunum er skipt upp í aðgengileg og vel afmörkuð svæði sem ýta undir hefðbundna leiki barna. Nægilegt rými þarf að vera á hverju svæði til að börnin geti athafnað sig og flæðið á milli svæða þarf að vera gott.

Svæðin fá heiti og eru merkt með merkingum sem börn eiga auðvelt með að skilja og tileinka sér (Kubbassvæði, Leiksvæði, Listasvæði, Heimilissvæði, Bókasvæði, osfrv).

Til að efla frumkvæði og sjálfstæði er efniviðurinn á hverju svæði aðgengilegur þannig að barnið getur auðveldlega náð í hann, notað hann og gengið frá honum án aðstoðar.



Með góðu skipulagi er hægt að hanna umhverfið á viðeigandi hátt:

- ✓ Velja leikefni sem hæfir aldri og þroska barnanna.
- ✓ Leikefni og aðstæður sem bjóða upp á val og ákvarðanatöku.
- ✓ Skipuleggja leiksvæðið með áhugasvið barnanna í huga.
- ✓ Hafa hlutina í hæð barnanna svo þau geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir, sótt efniviðinn, notað hann og skilað honum alveg sjálf.
- ✓ Merkja hluti til að efla lesskilning þeirra og málþroska og ýta undir sjálfstæði og frumkvæði.

Vel skipulagt umhverfi gerir virkt nám á öllum þroskasviðum mögulegt. Vitsmunaprósinn eflist þegar börn hafa aðgang að afmörkuðum svæðum þar sem efniviðurinn er í samræmi við heiti svæðisins. Engin takmörk eru á hversu margir geta verið á hverju svæði. Börnin fá tækifæri til að veita og meta sjálf hvort þau hafi nægilegt pláss og nægan efnivið og leysa þannig sjálf þann vanda ef hann kemur upp.

### 3.3. Leikskólinn opnar

Leikskólinn opnar kl.7.45, börnin mæta á sínar deildar og morgunmatur hefst síðan kl.8 og stendur til kl 8.50 eftir það er foreldrum velkomið að gefa börnunum sínum sjálf að borða og koma síðan inn á deild.

### 3.4. Að koma og fara

Til að nám barnsins gangi sem best er nauðsynlegt að góð samskipti séu á milli kennara og foreldra. Því er lögð áhersla á að taka vel á móti börnunum, bjóða þeim góðan daginn og ávarpa þau með nafni. Börn eru misjöfn og hafa misjafnar þarfir. Því er mikilvægt að virða tilfinningar þeirra og bæði börnum og foreldrum þann tíma sem þau þurfa.

Þegar börnin skilja við foreldra sína á morgnana og byrja að leika við önnur börn er misjafnt hvernig þau haga sér. Það getur verið allt frá gráti, öskrum, að hanga í kennara, að sjúga þumalinn, forðast augnsamband eða einfaldlega hunsu foreldra sína og/eða kennarana. Eins eru viðbrögð þeirra misjöfn þegar foreldrarnir koma í lok dags. Þessi viðbrögð eru breytileg dag frá degi og einnig eftir því sem börnin þroskast.

Ung börn (sem ekki eru enn farin að hreyfa sig) taka aðskilnaði yfirleitt á yfirvegaðan hátt. Börn á þessum aldri eiga oft auðveldara með að fara í fang lykilpersónunnar og horfa á hana. Þegar börn læra að skríða byrja þau að gera sér grein fyrir að þau eru sjálfstæðar verur. Þau gera sér grein fyrir að foreldrarnir fara og óttast að þau komi ekki aftur. Þess vegna er ekki óeðlilegt að börn hangi á foreldrum sínum og vilji ekki að þau fari.

Ung börn elska það frelsi sem fylgir því að byrja að ganga. Þótt þau hafi áhyggjur af því að skilja við foreldra sína þá er efniviðurinn oft ómótstæðilegur og þau vilja fara og koma höndum yfir það sem hugurinn girnist. Þau geta mótmælt því að foreldrarnir fari en þau

tengjast samt kennurunum og jafningjunum í gegnum hluti og leikföng sem þau hafa áhuga á. Þá er mikilvægt að virða og viðurkenna tilfinningar, bæði barna og foreldra.

Eldri börn geta gert sér grein fyrir að foreldrarnir séu ekki horfnir fyrir fullt og allt þótt þeir séu ekki á staðnum. Þau muna að foreldrarnir hafa áður farið með þau í leikskólann og svo komið og sótt þau og þau gera ráð fyrir að það gerist aftur. Um leið eru þau að efla með sér sjálfstraust og frumkvæði og orðaforði þeirra er að aukast og þau geta sagt „*mamma ekki fara*“ eða „*nei!*“ Mótælin geta verið hávær og jafnvel líkamleg en þau verða gera og hversu langan tíma það tekur þau. Þau eru oftast en ekki áhugasöm um efniviðinn í umhverfinu og ákveðin í að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar láti barnið í fang kennarans ef það er hikandi við að koma, þannig sýnir foreldri barni sínu að það treysti kennaranum. Eins er lögð rík áhersla á að foreldrar kveðji börnin sín en læðist ekki í burtu. Það er betra fyrir barnið að upplifa söknuð en að átta sig allt í einu á að mamma/pabbi eru farin(n) og komast þá í mikið uppnám, verða óörugg(ur), byrja að leita og finna engan.

Þá er einnig mikilvægt að kveðja barnið í lok dags og láta foreldra vita hvernig dagur barnsins var. Þegar skilað er úti í lok dags er áriðandi að foreldrar láti vita þegar barnið er sótt og að starfsfólk fái tækifæri til þess að kveðja barnið.

### 3.5. Borðhald

Matmálstímar eru gott tækifæri fyrir mikla nánd og kjörin fyrir samskipti af ýmsu tagi. Hann á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Við hvetjum börnin til sjálfstæðis og virkrar þátttöku í eigin námi og það gildir um alla þætti dagsskipulagsins. Máltíðir eru því engin undantekning. Virkt nám fellur ekki niður í matartímanum, efniviðurinn breytist bara og verður ætur! Það er eðlilegt að börn sulli niður og kenni matinn með skynfærunum.

Á matmálstímum á hver hópur sitt borð og starfsfólk matast með börnunum og leggur þar með áherslu á að börnin læri almenna borðsiði. Við lítum á matmálstíma sem gott tækifæri til að byggja upp traust samband við börnin með því að styðja þau í samskiptum sínum, könnunum og endurtekningum og með því að veita aðstoð eftir þörfum á ferð barnanna í átt að auknu sjálfstæði og þeirri athöfn að borða í samneyti við aðra. Með því að vera þátttakendur í matmálstímum senda kennarar jákvæð skilaboð til barnanna, ekki eingöngu um að borða heldur líka um félagslega þáttinn. Samtölin við matarborðið eru oftast en ekki um athuganir barnanna og matinn sjálfan.

Börnin taka þátt að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir og því þarf að mæta barni þar sem það er statt og taka tillit til þess sem það getur. Börn sem eru mötuð vilja oft reyna sjálf

og þá er hægt að láta þau fá eina skeið og kennarinn hefur aðra því barnið þarf að fá tækifæri til að prófa sig áfram og öðlast reynslu og færni á ýmsum sviðum. Þess vegna er líka mikilvægt að börn fái að snerta matinn með fingrunum og borða þannig ef þeim sýnist svo. Það þarf því að framreiða matinn eftir því hvað hentar hverjum og einum. Það er eðlilegt fyrir þau að fá „fingramat“ sem þau geta auðveldlega tekið upp með fingrunum og sett upp í sig. Að nota fingurna hefur tvo aðskilda kosti í för með sér:

- 1) Börnin þurfa ekki að bíða og treysta alfarið á kennarann.
- 2) Að koma við matinn býður upp á nýja og öðruvísi upplifun og áferð.

Lögð er áherslan á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum og eru þau hvött til að smakka þann mat sem er í boði.

Á matmálstímum kanna börnin matinn á meðan þau borða, fyrir þeim er maturinn bara en enn einn efniviðurinn. Þau gera ekki enn greinarmun á hvað má leika með, hvað á að borða, og efnivið sem má bara horfa á en ekki snerta. Því gera kennarar í virku námsumhverfi sér grein fyrir að börnin þurfa líka að fá að kanna matinn og þeir gera því viðeigandi ráðstafanir.

### 3.6. Leikstund

Leikstund er sá hluti dagsins þegar börnin geta kannað efniviðinn og átt samskipti við jafningja og kennara. Í styrku og öruggu umhverfi þar sem þau hafa aðgang að áhugaverðum efnivið og nægilegt rými til þess að hreyfa sig þá fær hvert barn tækifæri til að gera það sem hugur þess girnist. Þau elta það sem þau hafa áhuga á í hvert skipti.

Það fer mikið nám fram í leikstundinni. Af þessum sjálfssprottna leik þar sem þau nota öll skynfærin koma allir lykilreynsluþættirnir við sögu. Þau eru að fylla og tæma, setja saman og taka í sundur, átta sig á að hluturinn er enn til þótt hann sjáist ekki, endurtaka athöfn til að láta eitthvað gerast aftur og kanna efniviðinn með öllum skynfærunum.

Leikstund er félagslegur þáttur þar sem börnin eru öll að kanna það sem þau hafa áhuga, þau herma eftir hvort öðru, leika hlið við hlið og sum jafnvel saman.

Leikstundin ýtir einnig undir tilfinningu barnanna fyrir sjálfinu, að þau geta gert marga hluti sjálf og leyst úr þeim vanda sem þau lenda í. Með því að fylgja eigin frumkvæði læra þau að þau geta látið hluti gerast. Þau uppgötva að þau geta ráðið hvert þau skríða, hvar þau klifra, hvað þau setja upp í sig, hverju þau stafla, hvað þau draga og í hönd hvers þau halda. Þessi tími, þegar börnin hafa fullt val til að ákveða hvað þau vilja gera, er kjarninn í HighScope. Í leikstundinni fara börnin á milli svæða og kanna efniviðinn og leika nálægt öðrum börnum sem og kennurum. Þetta gera þau allt á sínum hraða, allt samkvæmt eigin getur og áhuga. Ung börn sem eru ekki farin að hreyfa sig velja úr efnivið sem kennarar þeirra hafa fundið til fyrir þau. Þau gera hvað sem þau vilja við þann efnivið sem þau hafa valið að taka upp, t.d. grípa í hann, setja hann í munninn, láta hann detta og blabla við hann.

Þau gera líkamsæfingar eins og að teygja úr sér, sprikla, rúlla sér, velta sér og horfa á sig í speglinum. Þau stoppa líka til að horfa á önnur börn.

Börn sem eru farin að hreyfa sig hafa meira val og fleiri möguleika. Þau gætu skriðið að bókahillu eða að dótahillu og valið sér eitthvað þar til að kanna. Þau gætu haft hlut í hendinni eða munninum á meðan þau skríða eða þau gætu skriðið upp á hluti eða yfir þá eða togað sig upp. Þegar þau fara um deildina velja þau sér önnur börn til að sitja eða standa hjá, horfa á eða leika við hliðina á.

Leikur barna vex stöðugt og verður sífelld flóknari eftir því sem þau eldast. Þau byrja að horfa á bækur og bera kennsl á kunnuglegt fólk, dýr og hluti á myndunum, þau stafla, bera og raða kubbunum, keyra bíla, trukka og mótorhjól, leika með púsl og pinna, krassa, rífa og mála, klæða sig í föt, leika í „mömmó“, ýta dúkkunum í kerrunum, kasta boltum, klifra, renna og skríða inn í kassa og göng.

Þegar þau verða meira meðvituð um sig sjálf og önnur börn byrja þau að eiga félagsleg samskipti eins og að hugga og klappa öðru barni til að sýna ástúð, færa öðru barni efnivið til að hugga það, leika „gú-gú“. Þau geta kallað á aðra með nafni og sett fram óskir sínar.

Þegar þau byrja að fá sterkari tilfinningu fyrir „ég“ og „mitt“ byrja þau líka að lenda í árekstrum. Og þegar þau byrja að geta haldið hugmyndum í huga sér þá geta þau oft en ekki sagt okkur hvað það er sem þau vilja gera.

### 3.7. Hlutverk kennarans í leikstund

Kennarar eru til staðar fyrir börnin í leikstundinni, bæði líkamlega og tilfinningalega og eiga í samskiptum við þau allan tímann. Þeir virða þarfir barnanna til að kanna umhverfið og efniviðinn og þau leika með það sem höfðar til þeirra í það skiptið. Kennararnir skilja að þau gera þetta allt á sínum hraða.

Börnin treysta á kennarann til að veita þeim stuðning, hvatningu og skilning á því sem þau eru að gera þegar þau leggja af stað til að kanna umhverfið í kringum þau. Návist kennara sem er athugull og bregst við börnunum skiptir miklu máli fyrir þau. Kennarar læra líka mikið af því að fylgjast með börnunum þegar þau leika. Þannig komast þeir inn í heim barnanna, sjá styrkleika þeirra, áhuga og skapferli, og stilla sig inn á hraða hvers einstaklings auk þess að safna athugunum til að styðja þau, skipuleggja og laga sig að barnahópnum. Það er mikilvægt að kennarinn sé í hæð barnanna þegar þau leika svo hann sé að fylgjast náið með. Kennarar í HighScope umhverfi eru á gólfinu, liggjandi, skríðandi, á hnjúnum og þar fram eftir götunum. Þannig eru þeir í nánu sambandi við börnin og skilja betur hvað þau eru að gera og segja.

Í leikstundinni eru börnin í félagslegum samskiptum. Þrátt fyrir að börn á þessum aldri velji oft að leika ein þá velja þau líka gjarnan að fylgjast með, leika samhliða og herma eftir jafningjum sínum. Með því að styðja þessi samskipti á hugulsaman hátt hjálpar kennarinn börnunum að mynda jákvæð tengls og að líta á sig og aðra sem hluta af þessu samfélagi.

Ung börn eru að stíga sín fyrstu skref í mannlegum samskiptum. Þau eru sterk, hreyfanleg og



leikin. Þau hafa ákveðnar skoðanir, eru sjálflæg og eigingjörn. Í leikstund, í vel útbúinni leikstofu þar sem ung börn eru að leika sér af ánægju og innlifun, samskiptahæfnin og félagsfærnin að þroskast munu börnin koma til með að lenda í deilum við jafningjana vegna efniviðs, rýmis og jafnvel kennara.

Á sama tíma, með aðstoð kennara ná þau oft að sættast fljótt og líklega er það vegna þess að þau einblína á núíð og það sem er að gerast einmitt núna.

Árekstrar og deilur eru námstækifæri þar sem hægt er að kenna börnunum að finna betri leið til að leysa úr deildum heldur en bíta og klípa.

Það er því mikilvægt að fara í gegnum þrepin 6, líka með ungum börnum.

### 3.8. Að taka saman

Það er mikilvægt fyrir börnin að fá tíma til að ljúka þeim viðfangsefnum sem þau eru upptekin við það og það skiptið. Tiltekt á að vera hluti af leiknum og börnin verða að fá tíma til að ljúka við það sem þau eru að fást við. Því er þeim gefin viðvörðun nokkru áður en á að fara að taka saman svo þau fái tíma til að klára það sem þau eru að gera.

Á þessum aldri eru börn að ganga í gegnum mikið þroskatímabil sem gerir þeim kleift að taka þátt í að ganga frá eftir leikstund. Þau hafa gaman af því að fylla og tæma og því hafa þau alveg jafn gaman af því að setja boltana og kubbana í kassann og að sturta þeim úr. Af því börnin sjá muninn á því sem er líkt og ólíkt átta þau sig á því að bækurnar sem liggja á sófanum eiga að vera á bókahillunni hjá hinum bókunum og kubbarnir á sófanum eiga að vera kubbavæði hjá hinum kubbunum. Á sama tíma hafa þau enga þörf fyrir að vera nákvæm, vandvirk og skilvirk. Jafnvel í vel skipulögðu og merktu umhverfi taka börnin til á sinn hátt og setja efniviðinn eins og þau vilja á sinn stað. Það gengur best að ganga frá þegar kennarar taka þátt í að ganga frá með börnunum og eru tilbúnir að viðurkenna aðferðir barnanna um hvernig það skuli gert. Það er mikilvægt að kennarar haldi ró sinni og séu jákvæðir og ætlist ekki til þess að börnin geri þetta óaðfinnanlega og ekki heldur að þau taki eitt svæði fyrir í einu, þau fara út um allt. Með þolinmæði og stuðningi taka börnin þátt í ferlinu að taka saman og hafa gaman af því að vera samneyti við aðra, í samskiptum. Eftir að allir hafa lagt sig fram og skilað sínu er haldið áfram í næsta hluta dagskipulagsins. Það er alltaf hægt að taka saman þegar börnin eru farin í hvíldina eða bara í lok dags.

Til að auðvelda börnum að nálgast efniviðinn, nota hann og ganga frá honum verða merkingar á kössum og hirslum að vera auðveldar og skiljanlegar fyrir börnin. Það eykur sjálfstraust þeirra og frumkvæði þegar þau geta nálgast, notað og gengið frá efniviðnum án matartímans, hvíldina og aðra þætti í dagskipulaginu. Allt er það hluti af leik og starfi leikskólabarnsins.

### 3.9. Hópastarf

Hópastarf fer fram á hverjum degi og þá gefst kennurum og börnum tækifæri til að nota og deila efnivið og eiga samskipti í nánu félagslegu umhverfi. Kennarar sjá börnunum fyrir áhugaverðum efnivið, þeir styðja börnin og viðurkenna hugmyndir þeirra og val því þeir skilja að börnin þurfa að upplifa hlutina sjálf og þau læra best af beinni reynslu og eigin upplifun.

Áhugi barnanna er hafður að leiðarljósi þegar hópastarfið er skipulagt og börnin eru hvött til að gera það sem þau geta og það sem þau hafa áhuga á að gera. Svo lengi sem þau öðlast sjálfstraust og getur eru þau til í að takast á við nýjar áskoranir. Sem virkir nemendur taka börnin margar ákvarðanir í hópastarfi (hafa mikið val). Þau velja hvort þau taka þátt eða ekki, hversu lengi þau taka þátt og hvað þau gera við efniviðinn. Hópastarf byggir á styrkleikum barnanna, þar kynnast þau m.a. nýjum efnivið og öðlast reynslu sem þau annars myndu missa af auk þess sem kennarinn getur fylgst með og lært að þekkja hvert barn betur. Með því að byggja á vaxandi getu og styrkleika barnanna geta kennarar styrkt nám þeirra auk þess að þroska aðra þætti.

Í dæmigerðu hópastarfi er kennari með hópinn sinn að kanna ákveðinn efnivið eða að taka þátt í sameiginlegri athöfn. Þarna er fámennur hópur saman að kanna sama efniviðinn en hver á sínum forsendum og vegna þessarar nándar skapast mörg tækifæri fyrir samskipti og tjáskipti.

Kennarinn kynnir efniviðinn fyrir börnunum en þau velja hvað þau gera við hann því börn læra best af eigin reynslu með efniviðinn, ekki af því að horfa á aðra meðhöndla hann. Þetta þýðir að hvert barn í hópnum fær sína eigin kubba, bíla, pensla og málningu eða hvern þann efnivið sem kennarinn hefur valið fyrir hópastarfið og gera það sem þau vilja við hann.

Börnin stjórna því hversu lengi hópastarfið varir. Sum geta verið virkir þátttakendur í 10 mínútur, á meðan önnur horfa á í nokkrar mínútur og vilja svo fara og kanna eitthvað annað. Til að koma til móts við eldri börn þarf hópastarfið að vera krefjandi og áhugavert og þau verða að fá að vera virkir þátttakendur. Ung börn geta komið og farið úr hópastarfi á meðan eldri börnin eru að þroska með sér betri félagsfærni og sjálfið er að þroskast.

Hópastarfið hjálpar börnunum að skilja sameiginlega reynslu sem þau deila með öðrum og geta svo notfært sér í leik og samskiptum.

Í hópastarfi er áhersla á ferlið, námið, samskiptin og uppgötvanirnar, en ekki afraksturinn.

### 3.10. Hvíld

Hvíld fyrir yngstu börnin er þegar þau eru þreytt og á ákveðnum tíma dagsins, allt eftir þörfum hvers og eins. Í hvíldinni fá þau þann svefn sem þau þurfa á að halda til að vaxa og dafna. Þreytt börn geta, eins og margir fullorðnir, verið pirruð og önuð og svefninn hjálpar

þeim að finna aftur góða skapið auk þess að veita þeim hvíld frá erlinum sem fylgir því að vera í félagsskap allan daginn. Ung börn geta sofnað nánast hvar sem er og hvenær sem er séu þau þreytt. Eldri börn hafa oftár ákveðna skoðun á því hvar þau vilja sofa.

Börn sofa inni á dýnu með teppi. Það er mismunandi eftir aldri barnanna hversu oft og lengi þau sofa á daginn.

Þegar börnin hafa áttað sig á því að það er komin hvíld þróa þau með sér ákveðna leið til að sofna. Sum sofna um leið og þau leggjast, önnur þegar þau fá snuð eða bangsa og enn önnur þegar kennarinn leggst hjá þeim og/eða strýkur þeim.

Börn sem ekki sofna eða mega ekki sofa þurfa að hafa eitthvað fyrir stafni og þá þarf að taka tillit til þess. Þau gætu fengið bækur, dúkkur, mjúka bolta eða hvað sem er til að handfjatla.

Það er misjafnt hversu vel börnin vakna og þau eru eins ólík að þessu leyti og þau eru mörg. Sum vilja kúra og vakna í rólegheitum á meðan önnur rísa strax á fætur. Kennarar sýna ólíkum leiðum þeirra virðingu og skilning og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.

### 3.11. Fataklefinn

Í fataklefanum fer fram mikið uppeldis- og fræðslustarf því þar gefast mörg tækifæri til að ræða við börnin og örva þannig mál þeirra og orðaforða og efla sjálfshjálpinu.

Börn fara í litlum hópum í fataklefann þannig að hvert og eitt fái þann tíma og þá aðstoð sem það þarf. Börnin þjálfast í að klæða sig sjálf, ganga frá fötunum sínum og hjálpa hvert öðru. Þetta eykur sjálfstæði þeirra, sjálfsmyndin styrkist og frumkvæði eflist. Hólf barnanna eru merkt með stafahlekknum þeirra (nafni og tákni) og myndum af börnunum sem auðveldar þeim að finna hólf sitt.

Vel er fylgst með að klæðnaður barnsins sé í samræmi við veður og einnig er þess gætt að hann hindri ekki hreyfingar þess í leik. Hafa þarf þó í huga að börn eru mis heitfeng/kulsækín. Barnið á sitt eigið hólf, sem tæma skal í lok hverrar viku. Foreldrar sjá um að aukafatnaður sé til staðar í tösku/körfu barnsins.

### 3.12. Samverustundir

Börn á leikskólaaldri eru mjög sjálflæg, allt snýst um „mig“ og „mitt“. Þau eru að uppgötva sig sem einstaklinga og er það hluti af eðlilegu þroskaferli. Til að verða hluti af stærra samfélagi verða börn að þroska með sér heilbriggt sjálf og í samverustund fá þau tækifæri til að upplifa það. Þar sem allir taka þátt í samverustundinni myndast lítið samfélag þar sem börnin upplifa frá fystu hendi hvernig það er að vera hluti af heild, þar sem allt snýst um „okkur“.

Börn koma öll með sitt innlegg í samverustundina, hvort sem það er tillaga að lagi, leik, hreyfingu eða hugmyndir að einhverju öðru. Þannig eru þau virkir þátttakendur. Það er mikilvægt að börnin fái að nota líkama sinn, efnivið, hljóðfæri eða annað í samverustundinni

og hafi val um hvernig á að hreyfa sig, hvaða lag á að syngja, hvaða sögu á að segja eða leika. Samverustundir gegna því einnig mikilvægu hlutverki fyrir félags-og málþroska barna.

### 3.13. Útivera

Leiksvæði barnanna við leikskólann er nýtt fyrir sjálfsprottinn leik þar sem leiktækin og útileikföngin ýta undir hann. Útileikföngin eru fjölbreytt og ýta undir alhliða þroska barnanna. Í garðinum eru margar áskoranir, ólíkt undirlag, brekkur, sandur, steinar, hellur og aðra áskoranir. Börnin hafa því tækifæri til að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera í útiverunni. Í nágrenni skólans eru mörg ósnortin útivistarsvæði, hólar, hæðir, fjara og mýri og eru þau einskonar tilbreyting við nám og leik barnanna.

### 3.15. Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna. Það er mikilvægt að börnunum sé hjálpað að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns.

Bleyjuskipti, fataskipti, handþvottur og klósettferðir eiga sér stað oft á dag hjá ungum börnum. Oftast eru þetta maður á mann samskipti þar sem kennarar veita barninu sem þeir sinna fulla athygli á meðan þeir sinna því. Þannig byggist upp traust og öryggi auk þess sem börnin læra um líkama sinn með samskiptum við kennara sem notar lýsandi tungumál á þessum tímum dagsins sem og öðrum.

Börnin halda áfram að vera virk á meðan á bleyjuskiptum stendur, þau halda á bleyjum og rétta kennaranum, toga upp og niður buxurnar, þau kanna, hlæja, tala, babla, skoða o.s.frv. og eftir því sem þau eldast verða þau virkari. Það skiptir líka máli að gera þau virk og leyfa þeim að hafa eitthvað val í þessum aðstæðum þar sem kennarinn er við stjórnina þannig að þeim finnist þau hafa einhverja stjórn og leyfa þeim að taka eins mikinn þátt og mögulegt er.

### 3.16. Afmæli

Haldið er upp á afmæli barnsins í leikskólanum. Barnið gerir sér kórónu í tilefni dagsins og sungin er afmælissöngurinn. Foreldrar koma með ávexti.

## 4. Lykilreynsluþættir HighScope stefnunnar

Lykilreynsluþættir HighScope stefnunnar samanstanda af 58 þáttum sem falla undir 8 flokka sem allir lýsa athöfnum ungra barna, hvernig þau sjá heiminn í kringum sig og þá reynslu sem er mikilvæg fyrir þroska þeirra.

Lykilreynsluþættirnir draga upp skýra mynd af félagslegum, vitsmunalegum og líkamlegum þroska ungra barna auk þess sem þeir lýsa því hvernig hugsanir og athafnir barna mótast m.a. með notkun tungumálsins, hreyfingu, samskiptum við aðra og þeim skilningi sem börn hafa af sínum heimi.

Lykilreynsluþættirnir eru undirstaða þess að börn geti byggt upp og öðlast frekari þekkingu. Þeir lýsa þeim hugtökum og samböndum sem börn leitast við að skilja og börn nýta sér lykilreynsluþættina ómeðvitað oft á dag í gegnum sjálfsprottinn, síendurtekinn leik alla leikskólagönguna. Það ber ekki að líta á lykilreynsluþættina sem grunn fyrir beina kennslu heldur eru þeir námsferli sem nær yfir margra ára tímabil.

Lykilreynsluþættirnir eru til staðar í virku námsumhverfi þar sem börnin hafa val, fá tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, geta sótt, notað og skilað efniviðnum alveg sjálf, átt samskipti við jafningja og fullorðna, upplifað einstaka atburði, endurskoðað og rifjað upp hugmyndir og athafnir, notað tungumálið á persónulegan og þýðingarmikinn hátt og fengið stuðning kennara.

Lykilreynsluþættirnir lýsa því þeim uppgötvunum sem börn gera, í gegnum þeirra eigin athafnir, á meðan þau eru að reyna að öðlast skilning á sínum heimi.

Lykilreynsluþættirnir eru líka mikilvægir fyrir kennara því þeir hjálpa þeim að skilja börn, styðja við getu hvers barns, efla félagslega færni og til að skipuleggja viðfangsefni sem hentar getu og þroska hvers barns.

Það er ljóst að börn þurfa að afla sér mikillar þekkingar og getu og orðið „lykil“ vísar til þeirrar staðreyndar að lykilreynsluþættirnir eru allir þýðingamiklar þættir sem börn þurfa að læra og upplifa. Lykilreynsluþættirnir eru lykillinn að áframhaldandi námi og innkomu barna í hinn stóra heim því þeir byggja bæði á þekkingu og hugsun.

Seinna orðið, „reynsla“, vísar til þess að börn þurfa að upplifa og læra af beinni reynslu, þau þurfa að fá að upplifa hlutina á eigin skinni til að þeir hafi þýðingu fyrir þau. Námi fylgir ákveðnu ferli, það á sér stað í ákveðinni röð, oftast frá hinu einfalda til hins flókna og þess vegna er mikilvægt að mæta hverju einasta barni þar sem það er statt og vinna út frá styrkleikum hvers og eins.

Lykilreynsluþættirnir byggja á rannsóknum frá HighScope Educational Research Foundation og áratuga langri reynslu og eru í sífelldri endurskoðun. Lykilreynsluþættirnir eru alþjóðlegir og hægt að vinna út frá þeim hvar sem við erum stödd í heiminum því þroskaferli barna er eins hvar sem er í heiminum.

Kennarar hafa lykileynsluþættina til hliðsjónar í öllu starfinu, hvort sem það snýr að námsumhverfinu, dagskipulaginu, samskiptum, skipulagningu hópastarfs, smverustunda eða annars.

## 4.1. Lykileynsluþættir HighScope stefnunnar

### Námsleiðir

- Að velja og lýsa vali, áætlunum og ákvörðunum
- Að leysa vandamál sem koma upp í leik

### Tungumál, læsi og samskipti

- Að tala við aðra um mikilvæga, persónulega reynslu
- Að lýsa hlutum, atburðum og athöfnum
- Að hafa gaman af tungumálinu; hlusta á sögur og ljóð, búa til sögur og ljóð
- Að skrifa á fjölbreyttan hátt; teikna, krassa, drög að stöfum, að stafa í þykjustunni, hefðbundin form
- Að lesa á fjölbreyttan hátt; lesa sögubækur, tákni og myndir, eigin skrift
- Að endursegja/lesa upp sögur

### Félags-og tilfinningaþroski

- Að sinna eigin þörfum
- Að tjá tilfinningar með orðum
- Að mynda samband við börn og fullorðna
- Að skapa og upplifa leik við aðra
- Að takast á við félagslega árekstra

### Líkamsþroski, heilsa og velferð

- Að hreyfa sig á staðnum, samhæfðar hreyfingar með fæturna á gólfinu t.d: beygja, twista, vaggja, sveifla höndunum
- Að hreyfa sig úr stað: hlaupa, stökkva, hoppa, skoppa, marsera, klífra.
- Að hreyfa sig með hluti
- Að vera skapandi í hreyfingu
- Að lýsa hreyfingu
- Að fara eftir fyrirmælum um hreyfingu
- Að finna og fylgja stöðugum takti
- Hreyfileikir við þekkt lög (t.d. höfuð, herðar, hné og tær)

### Listir og vísindi

#### Stærðfræði

##### Að flokka

- Að bera saman eiginleika (lengra/stytttra, stærra/minna)
- Að raða nokkrum hlutum í röð eða mynstur og lýsa samhenginu (stór/stærri/stærstur, rauður/blár/rauður/blár)
- Að mæta eitt sett af hlutum saman við annað (lífill bolli-lítil undirskál; miðstærð bolli-miðstærð undirskál, stór bolli-stór undirskál)

##### Tölur

- Að bera saman hluti úr tveimur settum til að ákvarða „meira“, „færra“, „sami fjöldi“
- Að raða tveimur settum af hlutum í „einn á móti einum“
- Hlutir til að telja

##### Rými

- Fylla og tæma

- Setja hluti saman og taka þá í sundur
- Að breyta lögun og uppröðun hluta (rúlla upp, vinda upp á, teygja, stafla, umlykja)
- Að fylgjast með fólki, stöðum og hlutum frá ólíkum sjónarhóli

- Að upplifa og lýsa staðsetningum, áttum og fjarlægð á deildinni, í byggingunni eða í nágrenninu.
- Að túlka rými í teikningum, á myndum og ljósmyndum.

### Vísindi og tækni

#### Flokkun

- Að þekkja hluti í sjón, af hljóði, snertingu, bragði og lykt.
- Að kanna og lýsa því sem er líkt og ólíkt og kanna og lýsa eiginleikum hluta
- Að greina sundur og lýsa lögun
- Flokka og para
- Að nota og lýsa einhverju á marga vegu
- Að muna fleiri en einn eiginleika í einu
- Að greina á milli "nokkurs" og "alls"
- Að lýsa eiginleikum þess sem er ekki til staðar og/eða hvaða flokki það tilheyrir

#### Tími

- Að byrja og stoppa athöfn eftir merki
- Að upplifa og lýsa hraða athafna/hreyfinga
- Að upplifa og bera saman hlé á hreyfingum
- Að sjá fyrir, muna og lýsa röð athafna

### Félagsfærni

- Að vera hluti af hópi
- Að vera tillitsamur gagnvart tilfinningum, áhugamálum og þörfum annarra.

### Listir

#### Sjónlist

- Að tengja módel, líkön, myndir og ljósmyndir við raunverulega staði og hluti
- Að gera líkön úr leir, kubbum og öðrum efnivið
- Teikna og mála

#### Leiklist

- Að herma eftir athöfnum og hljóðum
- Þykjustu-og hlutverkaleikir

#### Tónlist

- Að hreyfa sig við tónlist
- Að kanna og bera kennsl á hljóð
- Að kanna söngröddina
- Að þróa með sér tónheyrn
- Að syngja lög
- Að spila á einföld hljóðfæri

## 5. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar skv. Aðalnámskrá eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og vellíðan
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

## 6. Námsvið leikskóla

Námssvið leikskóla skv Aðalnámskrá eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Alla þessa þætti má finna í lykilreynsluþáttum HighScope stefnunnar og unnið er út frá þeim í öllum þáttum dagskipulagsins, allan daginn, alla daga. Hér má lesa dæmi um hvernig grunnþættirnir, námsviðin og lykilreynsluþættirnar fléttast inn í daglegt starf á Mánagarði en þetta er ekki tæmandi útlistun.

### 6.1 Læsi

Í HighScope umhverfi er mikið lagt upp úr því að gera allt sýnilegt fyrir börnin og á þann hátt sem þau skilja. Dagskipulagið hangir uppi á vegg á öllum deildum og hver þáttur í dagskipulaginu á sitt ták. Spjöldin eru misbreið og það tákna lengd hvers þáttar í dagskipulaginu. Dagskipulagið er eins alla daga því þannig læra börnin að lesa í aðstæður og gera sér grein fyrir hvað gerist hvenær, hvað er á undan og hvað er á eftir.

Í HighScope er deildunum skipt niður í svæði og eru svæðin merkt með einföldum táknum og heitum sem börnin skilja. Þessi tákni eru einnig notuð á marga ólíka vegu þegar börnin eru að velja sér svæði til að leika á, rifja upp og taka saman.

Þar sem frumkvæði og sjálfstæði eru mikilvægir þættir í HighScope þarf efniviðurinn að vera aðgengilegur og vel merktur svo börnin geti valið, náð sér í efnivið sjálf, leikið með hann og skilað honum aftur sjálf. Þar sem umhverfi okkar er ekki allt eins þá eru ekki allar merkingar eins á leikskólanum. Á hverri deild eru a.m.k. sex mismunandi merkingar á efniviðnum og hillunum svo börnin læra að lesa úr ólíkum merkingum og læra þannig að lesa umhverfi sitt. Hver kassi, og staðurinn sem hann er á, er merktur eins. Merkingarnar eru m.a. ljósmyndir, ljósrit, myndir úr bæklingum, raunverulegur hlutur og teikningar.

Lestur er afar mikilvægur og við gerum okkur fyllilega grein fyrir því og notum hvert tækifæri sem við getum til að ræða við börnin, lesa fyrir þau, segja þeim sögur og síðast en ekki síst hlusta á hugmyndir þeirra, skoðanir og langanir. Börnin á Mánagarði eru hvött til að lesa og skrifa við hvert tækifæri, þau hafa aðgang að bókum, skriffærum og blöðum allan daginn, alla daga. Daglega er lesið fyrir börnin eða sagðar sögur, hvort sem það er í samverustund eða frjálsum leik, fyrir hóp eða maður á mann.

Allt umhverfið er fullt af táknum sem eru skiljanleg börnunum en stundum óskiljanleg foreldrum. Börnin mega koma með bækur að heiman á hverjum degi og þau eru hvött til að lesa sjálf, lesa fyrir hvert annað og skoða ólíkar bækur, blöð eða bæklinga.

Mikið er rætt um tilfinningar og líðan barna á Mánagarði, gleði og sorg og allt þar á milli. Samkennd er gerð sýnilegri með því að leggja orð á tilfinningar og líðan barnanna og þannig læra þau að lesa í líðan og hegðun annarra.

## 6.2 Sjálfbærni

Útivera er hluti af dagskipulagi leikskólans en það fer eftir veðri og vindum hvort óhætt er að fara út með svona ung börn. Að sjálfsgöðu notum við þá daga sem viðrar til að fara út og kanna nánasta umhverfi okkar. Í útiverunni förum við gjarnan í göngutúra í kerrunni og skoðum okkar allra nánasta umhverfi, t.d. hina leikskóla Félagsstofnunar stúdenta. Við notum auk þess leikvöllina okkar og þar má finna mismunandi undirlag eins og gras og gúmmíottur, steina og hellur og þar eru hólur til að ganga upp og niður og æfa þannig jafnvægi og þrek og svo eru þar líka ólík leiktæki.

Börnin nota hluti úr náttúrunni til skapandi starfa inni t.d. snjó sem er tekinn inn og unnið með hann, köngla, laufblöð, sand og skeljar.

Virkt nám er sem fyrr haft að leiðarljósi og þegar ágreiningsmál koma upp er kennarinn hlutlaus og hlustar á allar hliðar mála (tekur tillit og lýsir því sem hann sér hjá börnum sem ekki hafa orðaförða til þess að tjá sig með orðum) sem koma upp án þess að dæma og hvetur börnin til að leita lausna sjálf. Við höfum til þess 6 þrep sem við förum í gegnum (sjá viðauka). Unnið er með hugtök, tölur og stærðfræði alla daga, við matarborðið ræðir kennarinn um hver er við hliðina á hverjum, hver er á ská, hver er á milli og hver er á móti. Við gerum tilraunir með allskonar efnivið og búum til okkar eigin leir, moon-sand, erum með vatn, matarliti, kartöflumjöl, fljótandi sápur í pokum og ýmsa hluti sem fljóta í flöskum, rýminu er skipt niður í svæði og börnin öðlast þar með enn frekari rýmisgreind.

## 6.3 Heilbrigði og velferð

Eins og áður hefur komið fram þurfa fimm þættir að vera til staðar til að virkt nám geti átt sér stað. Tveir þessara þátta eru afar mikilvægir hvað heilbrigði og velferð varðar en það eru



*orð og hugsanir barna og stuðningur kennara. Við leggjum mikla áherslu á að tala um tilfinningar barnanna og leggja orð á þær tilfinningar sem við sjáum að þau eru að upplifa. Við höfum öll þessar tilfinningar og þær eiga allar rétt á sér, við þurfum svo bara smám saman að læra að þekkja þær, bregðast við þeim og stjórna þeim. Það gerum við með stuðningi kennarans. Við notum lýsandi mál, segjum setningar eins og: „ég sé að þú er mjög leiður yfir að þurfa að kveðja mömmu þína, það er stundum erfitt að þurfa að segja bless“, „ég heyri að þú er mjög spennit yfir að amma ætli að sækja þig, hvað ætlið þið að fara að gera eftir leikskólann?“*

Í HighScope umhverfi er námsumhverfið sett upp á ákveðinn hátt til þess að það styðji við allar tegundir af leik. Ung börn þurfa pláss fyrir grófhreyfingar, pláss til að leika mörg saman eða vera í næði ein með sjálfum sér, þau þurfa efnivið sem reynir á vöðvana, sem er hægt að lyfta, draga og toga. Hér er hreyfistund daglega þar sem farið er í hreyfileiki, sungnir söngvar, farið í þrautabrautir og allskonar skapandi hreyfingar sem koma frá börnunum.

Í HighScope er notast við hvatningu og eru börnin hvött til að koma hugsunum, skoðunum og löngunum sínum í orð, þau eru hvött til að gera hlutina sjálf því börn sem fá hvatningu eru líklegri til að ögra sjálfum sér, prófa eitthvað nýtt og fara skrefinu lengra og öðlast þannig frekara sjálfstraust sem styrkir jákvæða sjálfsmynd barna, veitir betri andlega líðan og dregur úr streitu.

#### **6.4 Lýðræði og mannréttindi**

Einn af mikilvægustu þáttunum í HighScope stefnunni er virðingin sem er borin fyrir hugmyndum, áhuga, þörfum og löngunum barnanna. Þar sem virkt nám er undistaða námsins hér eru börnin alltaf virk, þau leita lausna, þau koma með hugmyndir, þau finna leiðir til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þau læra að takast á við og finna lausn á vandamálum sem upp koma í leik og samkiptum.

Lýðræðið felst líka í því að hafa val, val um hvar þú vilt liggja í hvíldinni, hvar við þitt matarborð þú vilt sitja og val um leikfélaga, svæði og efnivið og fá að nota efniviðinn á því svæði og á þann hátt sem barnið kys óháð því hversu margir eru á svæðinu og hvenær barnið mætir. Börnin hafa rétt á að skipta um skoðun og skipta um svæði þegar þeim hentar og fara með efnivið á milli svæða í ákveðnum tilgangi.

## 6.5 Jafnrétti

Í HighScope er unnið út frá styrkleikum hvers og eins og hverjum og einum er mætt þar sem hann er staddur. Það fá allir að vera þeir sjálfir á Sólgarði.

Börnin hafa jafnan aðgang að öllum efniviðnum hérna og hann er eins fjölbreyttur og breytilegur og áhugi barnanna segir til um.

Við leggjum orð á tilfinningar barna og kennum þeim þar með umburðarlyndi og virðingu fyrir ólíkum tilfinningum, upplifunum og skoðunum. Þegar leyst er úr deilum eru allar hliðar skoðaðar, allir fá að tjá sig um sína upplifun og allir koma með hugmyndir að lausnum og kennarinn er hlutlaus, tekur ekki málstað eins eða neins og ef lausnin sem börnin koma með virkar fyrir þau og allir ganga sáttir frá borði er markmiðinu náð, sama hvort kennaranum finnst lausnin sanngjörn eða ekki.

Það hafa allir sömu námstækifærin, óháð aldri, kyni, þjóðerni, menningu, trúarbrögðum, tungumáli, fjölskyldugerð og fötlun. Einstaklingum með frávik, fötlun eða áskorandi hegðun er fylgt eftir í starfi svo þeir geti tekið þátt í dagskipulaginu og hafi sömu námstækifæri og allir aðrir á leikskólanum.

## 6.6 Sköpun

Börn eru alltaf að skapa eitthvað, hvort sem er í gegnum leikinn, í gegnum hreyfingu, með teikningum, söng eða notkun tungumálsins.

Öll svæðin eru opin og allir geta valið það svæði sem heillar þá og þegar. Börnin hafa greiðan aðgang að öllum efnivið sem er ætlaður þeim og því hafa þau gríðarlega mörg tækifæri til sköpunar á degi hverjum. Þetta val og þessi ótakmarkaði aðgangur að efniviðnum ýtir undir frumkvæði og sjálfstæði og þar af leiðandi sköpun.

Í hópastarfi fá allir eins efnivið en svo er það undir hverjum og einum komið hvernig hann notar efniviðinn til að skapa, það er ekkert fyrirfram ákveðið í því og engin ein leið farin, heldur nota börnin hugmyndaflugið. Við notum frumlitina svo börnin læri að blanda sína eigin liti, hver deild er með sitt listasvæði innan deildar þar sem börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið.

## 7. Leikurinn

Leikurinn er undirstaða alls náms á leikskóla og því okkar aðalkennslutæki.

Frjálsi leikurinn er „leikur leikjanna“ og eðlilegur þáttur í lífi hvers barns, jafn nauðsynlegur þroska þess og fæðan sem það nærast á. Nám barnsins grundvallast af leik og í leiknum þróar það með sér færni til að takast á við lífið og tilveruna. Leikur á að vera ánægjulegur og gefandi og veita barninu tækifæri til að kynnast umhverfi sínu og persónum og leikendum í lífsleiknum. Að læra af reynslu, í gegnum leik og starf og að fást við hlutina við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður er okkar markmið og mikilvægt að verkefnin séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og vitneskju.

Nauðsynlegt er að gefa barninu tækifæri til að þróa frjálsa leikinn og höfum við lagt ríka áherslu á hann á þessum tímum skipulags og stjórnunar. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna.

Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og þróa „sinn“ leik, með eða án leikfanga/leikfélaga er eðlilegur þáttur í lífi hvers barns, hverju barni nauðsynlegt.

Í öllu okkar starfi er barnið í brennidepli í þeim skilningi að gengið er út frá þroska og þörfum barnsins auk þess sem stutt er við áhugasvið hvers og eins. Okkar markmið er að gera hvert barn virkt í sínu eigin námi.

## 8. Nám án aðgreiningar

Í leikskólanum er lögð áhersla á að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum. Nám án aðgreiningar stendur fyrir að öll börn, burtséð frá uppruna þeirra, líkamlegu, félagslegu eða tilfinningalegu atgervi þeirra eða greind skuli fá jöfn tækifæri til náms. Öll börn eiga sama rétt á leikskóladvöl og að komið sé til móts við þarfir þeirra á leikskólanum. Alltaf þarf að taka mið af þörfum hvers barns og miða kennsluna við það. Það er mikilvægt að börn með sérþarfir aðlagist barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Í leikskólastarfinu er unnið í litlum hópum t.d. í hópastarfi og vali. Þannig fær hvert barn betur að njóta sín. Um leið og börnum með sérþarfir er sinnt á þennan hátt er jafnframt haft að leiðarljósi að þetta fyrirkomulag nýtist öllum börnum.

Leikskólanum ber skylda til að veita nemendum sínum góða alhliða menntun og styrkja þá í almennri lífsleikni. Því er lögð áhersla á að fullt tillit sé tekið til barna sem á einhvern hátt eru með sérþarfir.

## 9. Aðlögun

Í aðlögun er lagður grunnurinn að góðu samstarfi og vellíðan barns í leikskóla. Börn þurfa mislangan tíma til að aðlagast nýju umhverfi, kynnst öðrum börnum og starfsfólki leikskólans. Engir tveir eru eins og aðlögunartíminn er því einstaklingsbundinn. Oftast er þó miðað við þrjú virka daga.

## 10. Foreldrasamstarf

Markmið foreldrasamstarfsins er:

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- Að foreldrar kynnist því starfi sem fer fram í leikskólanum.
- Foreldrar kynnist hver öðrum, börnunum og starfsfólki leikskólans.
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Helstu áherslur foreldrasamstarfsins eru góð dagleg samskipti við foreldra en jafnframt er leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans og aðbúnaði og umönnun barnanna. Öruggt upplýsingaflæði til og frá leikskóla, fyrst og fremst í formi daglegra umræðna auk tölvupósts, foreldra- og fræðslufunda og síðast en ekki síst foreldraviðtala eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla.

### 10.1. Foreldrafélög, foreldraráð

Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð þeirra barna sem dvelja í leikskólanum. Í stjórn foreldrafélagsins eru 3 kjörnir fulltrúar foreldra og einn fulltrúi starfsfólks og er það aðallega hugsað til ráðgjafar um málefni skólans. Sömu foreldrar sitja einnig í foreldraráði.

Allir foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu um leið og barn þeirra byrjar í leikskólanum. Aðalfundur foreldrafélagsins er á foreldrafundum að hausti.

### 10.2. Foreldrafundir

Foreldrafundur leikskólans er í byrjun október þar sem farið er yfir helstu námsþætti og skipulag komandi vetrar.

### 10.3. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni á hverju skólaári, í febrúar og mars. Í viðtalinu er farið yfir þroskaþætti barnsins, almenna líðan og annað það sem foreldrum leikur forvitni á að vita. Foreldrar geta óskað eftir foreldraviðtali hvenær sem er, til að spjalla eða leita upplýsinga um hvað sem helst viðkemur barni þeirra, þroska og áhugasviði.

#### 10.4. Fréttir af starfinu

Upplýsingar um Sólgarð má finna á heimasíðu skólans: <http://www.leikskolinn.is/solgardur>  
Matseðlar og fréttir er meðal þess sem má finna á heimasíðu leikskólans en aðgangsorð að innra vef heimasíðunnar og myndum af starfinu með börnunum er afhent þegar börnin byrja í leikskólanum. Ef lykilorð glatast er hægt að nálgast það aftur hjá leikskólastjóra.  
Á haustin kemur út skóladagatal með upplýsingum um helstu viðburði vetrarins auk þess sem skipulagsdagar skólaársins eru auglýstir. Skóladagatalið má nálgast á heimasíðu skólans.

Þá eru eftirtaldar Facebook síður sífellt meira nýttar:

Undraland

<https://www.facebook.com/groups/undraland>

Álfaland

<https://www.facebook.com/groups/337118169800636>

Putaland

<https://www.facebook.com/groups/1551740685055037>

## 11. Fatnaður barnanna

Útiföt eru geymd í töskum/hólfum í fataklefa. Aukaföt eru geymd í körfum/hólfum barnanna inni á deildum. Veðurfar á Íslandi er breytilegt og forráðamenn barna eru beðnir um að hafa það hugfast þegar pakkað er í töskuna. Mikilvægt er að merkja föt barnanna vel. Það auðveldar okkar starf að koma óskilafötum heim og sparar foreldrum/forráðamönnum útgjöld.

## 12. Leikföng

Börnin mega koma með eitthvað að heiman sem veitir þeim öryggi.

## 13. Veikindi og fjarvistir

Veikist barn í leikskólanum er haft samband við foreldra og óskað eftir að barnið sé sótt.

Útivera er hluti af okkar daglega starfi og ef börn eru of veik til að taka þátt í útiveru, sem og öðru starfi leikskólans ber að hafa barnið heima við. Leikskólastarfi barna má líkja við vinnu hjá fullorðnum og veik börn eiga ekki að dvelja í leikskólanum.

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Íslensk veðráttta er risjótt og umhleyplingsöm en því fáum við ekki breytt. Þess vegna er íslenskum börnum hollast að venjast veðráttunni eins og hún er frá blautu barnsbeini. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyrá og sýna nýjustu rannsóknir að það sé frekar inniveran sem geri okkur veik. Börn sem dvelja mikið inni að óþörfu eru kulsælli en þau börn sem vön eru útiveru. Börn sem dvelja langdvölum innandyrá í leikskólum missa einnig af hollu og eðlilegu samneyti við félagá sína. Veikist börnin með hita er æskilegt að þau dvelji heima a.m.k 1-2 sólarhringa.

Æskilegast er að lyfjagjöf fari fram á heimili barnsins. Ef nauðsynlegt er að hún fari fram í leikskólanum bera foreldrar ábyrgð á að hæfilegur skammtur komi með barninu daglega og fyrirmæli um hvenær lyfjagjöfin þurfi að fara fram.

Foreldrar eru beðnir um að láta vita ef barn kemur ekki í leikskólann. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að láta starfsfólk vita ef einhver annar aðili en foreldrar sækir barnið.



## **14. Vistunartími**

Hægt er að velja um vistunartíma frá klukkan 7:45 til 15:45 eða frá klukkan 8:00 til 16:00. Foreldrar eru minntir á að virða umsaminn dvalartíma barnanna. Óskum um breytingu á vistunartíma ber að tilkynna leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra.

## **15. Fundir og starfsdagar**

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar hittast daglega og fara yfir verkefni.

### **15.1. Samráðsfundir leikskólastjóra leikskóla stúdenta**

Haldnir eru fundir mánaðarlega þar sem farið er yfir rekstur og innra starf leikskólanna og reynt að samræma eftir því sem kostur gefst.

### **15.2. Samráðsfundir með sérfræðingum frá Vesturgarði**

Skipulagðir eru fundir ef þurfa þykir. Sálfræðingur og félagsfræðingur sitja fund með deildarstjórum, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Leikskólastjóri situr fundi með leikskólastjórum Reykjavíkur einu sinni í mánuði og einnig leikskólastjórum Sjálfstætt starfandi skóla.

### **15.3. Starfs-og námskeiðsdagar**

Starfs-og námskeiðsdagar leikskólans eru sex á hverju skólaári. Leitast hefur verið við að koma til móts við foreldra og sú hefð hefur myndast að þeir eru teknir sitthvoru megin við helgi. Leikskólanum ber að tilkynna þessa daga með þriggja vikna fyrirvara.



## 16. Hefðir

### 16.1. Aðventukaffi

Í desember bjóða börnin fjölskyldum sínum í aðventukaffi þar sem þau bjóða upp á heitt súkkulaði, hangikjöt, laufabrauð, mandarínur og ost.

### 16.3. Þorrablót

Á bóndadaginn fáum við okkur grjónagraut og slátur.

### 16.4. Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Við höldum þessa daga hátíðlega.

Á bolludaginn fáum við fiski- eða kjötbollur í hádeginu og í kaffiu borðum við bragðgóðar bollur með sultu og rjóma.

Á sprengidaginn er það að sjálfsögðu saltkjöt og baunir, tókall!!

Á öskudaginn mæta allir í náttfötum eða búningum í leikskólann.

### 16.5. Sumarhátíð

Sumarhátíðin er haldin í júní ár hvert. Þá bjóðum við börnum, foreldrum og öðrum aðstandendum til okkar og fögnum sumri saman.

## **17. Ársskýrsla**

Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra að gera rekstraraðila grein fyrir starfi síðastliðins leikskólaárs.

## Viðauki

### 6 þrep til að leysa vandamál

1. **Nálgastu á rólegan hátt**
  - **Farðu á milli barnanna og vertu í þeirra hæð. Komdu í veg fyrir skaðlega hegðun.**
  - **Hlutlaus og yfirveguð rödd og nærgætin snerting**
  - **Vertu hlutlaus, ekki standa með einhverjum.**
2. **Viðurkenndu tilfinningar**
  - **„Þú virðist vera í uppnámi“**
  - **Láttu börnin vita að þú þurfir að halda á hlutnum sem um ræðir (Ég ætla að halda á þessu á meðan við finnum lausn....)**
3. **Safnaðu upplýsingum**
  - **„Hvað er vandamálið?“**
4. **Tilgreindu vandamálið**
  - **„Svo vandamálið er...“**
5. **Fáðu hugmyndir að lausnum og veljið eina lausn saman**
  - **„Hvað getum við gert til að leysa þetta vandamál?“**
  - **Hvettu börnin til að koma með hugmyndir að lausnum**
6. **Veittu stuðning**
  - **„Þið leystuð vandamálið!“**
  - **Vertu nálægt börnunum til að kanna hvort allir séu sáttir.**